

**1. fundur skólanefndar vegna æskulýðsmála árið 2018, haldinn 15. mars 2018 í Flúðaskóla kl. 15:30. 7. fundur kjörtímabilsins 2014 – 2018.**

Mætt til fundar: Bjarney Vignisdóttir, formaður sem ritaði fundargerð, Sigurður Sigurjónsson og Ásmundur Lárusson. Maja Vilstrup, forstöðumaður Zero boðaði forföll. Jón Bjarnason, Vigdís Furuseð og Elsa Ingjaldsdóttir boðuðu forföll. Ingvars Hjálmarssonar mætti ekki.

**Dagskrá:**

- 1. Skýrsla forstöðumanns**
- 2. Rekstur 2017**
- 3. Önnur mál**

Formaður setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla forstöðumanns**

Starfsskýrsla fyrir Félagsmiðstöðina Zero skólaárið 2017/18.

**Starfsfólk og gæsla**

Forstöðumaður er Maja Vilstrup en auk hennar starfar Andrea Thorsteinson á kvöldopnunum og ferðalögum. Ekki hefur gengið að ráða annan starfsmann til viðbótar þrátt fyrir að auglýst hefur verið á netinu og í Pésanum.

Foreldrafélag Flúðaskóla sendir fulltrúa í gæslu á fimmtudagskvöldum og hefur það samstarf gengið vel.

**Opnunartími og starfsemi**

Hefðbundinn opnunartími fyrir unglíngastigið er á þriðjudögum kl. 15.00-18.00 og á fimmtudögum kl. 15.00-21.30.

Á haustönn var opið til kl. 22.00 á fimmtudögum en því var breytt um áramótin. Hefur sú breyting fengið góðar undirtektir og gengið mjög vel. Þannig fá unglíngarnir að borða fyrr, hefja dagskrá kvöldsins fyrr og þ.a.l. komnir heim til sín á kvöldin fyrr.

Önnur breyting sem tók gildi um áramótin var að Opið hús í Félagsmiðstöðinni Zero sé áfram einungis fyrir unglíngastigið, 8.-10. bekk á vorönn sem og á haustönn. 7. bekkur

má mæta á Miðstigsgleði og á „7. bekkjarkvöld“ sem verður haldið í maí. Var þessi breyting gerð til þess að samræma félagsmiðstöðvarstarfið við það sem þekkist annarsstaðar og sem Samfés leggur upp með. Unglingarnir eru mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag og hefur enginn úr 7. bekk gert athugasemd við breytinguna. En það er sjálfsagt að ræða það hvort það ætti að endurskoða þetta eftir veturinn.

Það er búið að halda Miðstigsgleði tvisvar enn sem komið er, í október á Flúðum og í janúar í Þjórsárskóla. Það hefur gengið mjög vel en það er krefjandi verkefni og veitir ekki af góðu samstarfi við foreldrafélagið um gæslu á þennan viðburð sem og aðra. Til stendur að halda seinustu Miðstigsgleðina í apríl, annaðhvort á Brautarholti eða á Flúðum.

### **Mæting og virkni**

Mæting í félagsmiðstöðina Zero er gríðarlega góð þegar um fimmtudaga, ferðalög og viðburði fyrir miðstigið er að ræða. 43 nemendur af 48 mögulegum unglungum eru að mæta nánast í hverri einustu viku. Á þriðjudögum er mjög rólegt í Zero eða einungis 5-7 nemendur að meðaltali að nýta sér opnunartímann á þriðjudögum, hvað sem veldur.

6 unglingar starfa í Zero-nefndinni sem kemur að skipulagningu og framkvæmd viðburða. Fundað sirka mánaðarlega. Af þeim er einn fulltrúi Zero í Ungmennaráði Hrunamannahrepps og einn til vara.

Reynum að virkja alla unglunga sem mest, td. í frágang og afgreiðslu í sjoppunni. Það er svokallað punktakerfi í gangi hjá okkur sem hvatning.

### **Viðburðir**

Forstöðumaður auglýsir dagskrá félagsmiðstöðvarinnar fyrir heilan mánuð í einu og hefur það mælst mjög vel fyrir. Það er alltaf auglýst bæði á Facebook og sett upp plaköt í skólanum í hverri viku þannig að starfsemin er mjög sýnileg. Stærri viðburðir svosem böll og ferðir eru einnig auglýstir í gegnum foreldrabréf. Reynt eftir bestu getu að hafa fjölbreytta viðburði í boði.

Hér fyrir neðan eru viðburðirnir sem búið er að halda:

31. ágúst: Poolparty

7. sept.: Kosningarkvöld fyrir Zero-nefnd

14. sept.: Lokað vegna rétta

21. sept.: Spilamarabon

28. sept.: Busaball

5. okt.: Fótoltamót

12. okt.: Just Dance-keppni

19. okt.: Spurningaleikur

25. okt.: Miðstigsgleði

26. okt.: Hryllingskvöld

2. nóv.: NBA 2K18-mót

9. nóv.: Lokað vegna *Blítt & Létt* á Laugarvatni

16. nóv.: Söngkeppni Zero

23. nóv.: Jólaföndur og piparkökur

30. nóv.: Bíókvöld

5. des.: Frjálst

14. des.: Jólaball Zero (Félagsmiðstöðin Zetor í heimsókn)

4. jan.: FIFA18-mót

11. jan.: Opið hús

18. jan.: Íþróttahús (frestaðist)

25. jan.: Hárgreiðslunámskeið

2. feb.: USSS (rútuferð og ball)

8. feb.: Forvarnarfræðsla og vöflukaffi (samstarf við Flúðaskóla)

15. feb.: Íþróttahús (samstarf við Árna Þór)

22.-23. feb.: Skíðaferð (frestaðist vegna veðurs)

1. mars: Náttfataþema

8. mars: Myrkraeltingarleikur

14. mars: Flúðabíó á vegum Ungmennaráð vegna Menningarmars

Á döfinni:

22. mars: Skólahreysti + fundur vegna SamFestings

23. mars: Skemmtiferð Zero (keila o.fl.) og SamFestingurinn í Laugardalshöll

### **Vangaveltur um húsnæði og aðstöðu**

Það er mitt mat að það sé kominn tími á að aðstaðan fengi andlitslyftingu en stofurnar tvær eru of litlar fyrir þann mikla fjölda af unglingum sem mæta á fimmtudögum. Þá höfum við fengið að nota Stjörnusalinn en það er mjög óhentugt hvað hann er langt í burtu frá félagsmiðstöðinni og á sama tíma alveg ofan í bókasafninu og starfsemi þess. Salernisaðstaða orðin mjög þreytt og húsgögn slitin.

Ég tel að það yrði lyftistöng fyrir starfsemina að færa félagsmiðstöðina í annað húsnæði, td. á efri hæð íþróttahússins í rými sem yrði hannað til þess frá upphafi. Staðsetningin gæti líka orðið til þess að það yrði betri mæting á þriðjudögum eða aðra daga eftir skóla þar sem krakkarnir eru að fara á íþróttæfingar undir sama þaki.

### **2. Rekstur 2017**

Formaður fór yfir rekstur félagsmiðstöðvarinnar fyrir síðasta ár. Áætlaður kostnaður var tæpar 5,3 milljónir, en niðurstaðan er 4,6 milljónir eða 700 þús. kr. lægra en áætlað var.

### **3. Önnur mál**

Engin önnur mál tekin fyrir

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl 16:00